

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 653/2014

2015/EES/74/13

frá 15. maí 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1760/2000 um rafræna auðkenningu nautgripa og merkingar nautakjöts (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 43. gr. og b-lið 4. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 ⁽³⁾ á árinu 1997 voru reglur Evrópusambandsins um auðkenningu og rekjanleika nautgripa styrktar í ljósi kúariðufarsóttarinnar og tilheyrandi aukinni þörf fyrir að rekja uppruna dýra og tilflutning á þeim með því að nota hefðbundin eyrnamerki.
- 2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 ⁽⁴⁾ er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa í samræmi við þá reglugerð.
- 3) Með reglugerð (EB) nr. 1760/2000 er komið á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa sem nær yfir eyrnamerki sem sett eru á bæði eyru allra dýra, tölvuvædda gagnagrunna, dýravegabréf og einstaklingsbundnar skrár sem eru færðar á hverju bú.
- 4) Að rekja nautakjöt aftur til uppruna þess fyrir milligöngu auðkenningar og skráningar er forsenda upprunamerkingar á öllum stigum matvælaferlisins. Þessar ráðstafanir tryggja neytendavernd og lýðheilsu og stuðla að tiltrú neytenda.
- 5) Reglugerð (EB) nr. 1760/2000 og, nánar tiltekið, auðkenning nautgripa og valfrjálst merkingarkerfi fyrir nautakjöt voru tilgreind sem sérstaklega mikilvæg upplýsingaskylda, með tilliti til þeirrar byrði sem þau fela í sér fyrir fyrirtæki, í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 22. október 2009 sem ber heitið „Aðgerðaráætlun til að draga úr stjórnsýsluálagi í Evrópusambandinu — áætlanir til að draga úr álagi á tilteknum sviðum og aðgerðir fyrir árið 2009“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 233/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB C 229, 31.7.2012, bls. 144.

(²) Afstaða Evrópuþingsins frá 2. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 6. maí 2014.

(³) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 frá 21. apríl 1997 um kerfi vegna auðkenningar og skráningar á nautgripum og merkingar á nautakjöti og afurðum úr því (Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 1).

(⁴) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 (Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1).

- 6) Notkun rafrænna auðkenningarkerfa gæti hugsanlega stuðlað að hagræðingu í ferlum fyrir rekjanleika með sjálfvirkum og nákvæmari aflestri og skráningu í skrá búsins. Hún myndi enn fremur gera kleift að skrá tilflutning á dýrum sjálfvirkir í tölvuvæddan gagnagrunn og bæta þar með hraða, áreiðanleika og nákvæmni rekjanleikakerfisins. Notkun rafrænna auðkenningarkerfa myndi einnig bæta umsjónina með tilteknum beinum greiðslum til bænda.
- 7) Rafræn auðkenningarkerfi sem byggjast á auðkenningu með fjarskiptatíðni hafa batnað verulega á undanförunum 10 árum. Með tækninni er aflestur einstakra auðkenniskóða dýra hraðari og nákvæmari beint inn í gagnavinnsluferfi. Þar af leiðandi þarf styttri tíma til að rekja feril hugsanlega sýkra dýr eða matvæla sem bætir áreiðanleika gagnagrunna og eykur getu til að bregðast hratt við ef sjúkdómur kemur upp og spara þannig launakostnað þó að það feli í sér aukinn kostnað við búnað.
- 8) Þessi reglugerð er í samræmi við þá staðreynd að rafræn auðkenningarkerfi hafa þegar verið tekin upp innan Sambandsins fyrir aðrar dýrategundir en nautgripi s.s. lögboðna kerfið sem er notað í tengslum við sauðfé og geitur.
- 9) Í ljósi tæknilegu framfaranna að því er varðar rafræn auðkenningarkerfi hafa nokkur aðildarríki, að eigin frumkvæði, ákveðið að hrinda í framkvæmd rafrænni auðkenningu fyrir nautgripi. Líklegt er að slíkt frumkvæði leiði til þróunar á mismunandi kerfum í einstökum aðildarríkjum og hjá mismunandi hagsmunaaðilum. Þróun mismunandi kerfa myndi standa í vegi fyrir síðari samræmingu tæknistaðla innan Sambandsins. Tryggja ætti rekstrarsamhæfi rafrænna auðkenningarkerfa aðildarríkjanna sem og samræmi þeirra við viðkomandi ISO-staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem eru samþykktir af viðurkenndum alþjóðlegum staðlasetningarstofnunum, að því gefnu að þessir alþjóðlegu staðlar geti tryggt að minnsta kosti betri frammistöðu en ISO-staðlar.
- 10) Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 25. janúar 2005 um möguleikann á að koma á rafrænni auðkenningu fyrir nautgripi var komist að þeirri niðurstöðu að sýnt hafi verið fram á að auðkenning með fjarskiptatíðni hafi þróast að því marki að hún gæti þegar nýst í raun. Í þeirri skýrslu var einnig komist að þeirri niðurstöðu að mjög æskilegt væri að skipta yfir í rafræna auðkenningu fyrir nautgripi innan Sambandsins þar sem það gæti, ásamt öðrum ávinningi, dregið úr stjórnsýsluálagi.
- 11) Samkvæmt orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 10. september 2008 sem ber heitið „Aðgerðar-áætlun um framkvæmd dýraheilbrigðisstefnu Evrópusambandsins“ skal framkvæmdastjórnin einfalda upplýsingaskyldur, s.s. skrár búa og dýravegabréf, á meðan verið er að koma á rafrænum auðkenningarkerfum.
- 12) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. september 2007 sem ber heitið „Ný dýraheilbrigðis-stefna fyrir Evrópusambandið (2007–2013) þar sem sagt er að „betra sé að fyrirbyggja en að þurfa að lækna““ er lagt til að íhuguð verði rafræn auðkenning fyrir nautgripi sem hugsanlegar endurbætur á núverandi kerfi Sambandsins til auðkenningar og skráningar til að einfalda upplýsingaskyldur, s.s. skrár búa og dýravegabréf, og lagt er til að komið verði á rafrænum skiptum á vegabréfum fyrir nautgripi. Skiptin myndu fela í sér að komið yrði á rafrænni auðkenningu með innfærslu gagna í rauntíma. Slík skipti myndu leiða til verulegs sparnaðar með tilliti til kostnaðar og vinnu fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og aðra hagsmunaaðila og þau myndu draga úr vinnuálagi við flutning gagna úr dýravegabréfum í tölvuvædda gagnagrunna. Reglugerð þessi er í samræmi við það framtaksverkefni.
- 13) Því er gert ráð fyrir því að þessi reglugerð eigi sinn þátt í nokkrum lykilmarkmiðum í helstu stefnuáætlunum Sambandsins, þ.m.t. áætluninni Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbærar hagvöxt og hagvöxt fyrir alla, með því að bæta hagvöxt, samheldni og samkeppnishæfni.
- 14) Tiltekin þriðju lönd hafa þegar komið á reglum sem heimila háþróaða tækni fyrir rafræna auðkenningu. Evrópusambandið ætti að koma á svipuðum reglum til að greiða fyrir viðskiptum og auka samkeppnishæfni geirans.

- 15) Í ljósi tæknipróunar á nýjum tegundum rafrænna kennimerkja þykir rétt að vikka gildissvið auðkenningarinnar, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1760/2000, til að gera kleift að nota rafræn kennimerki sem opinbera auðkenningu. Þar sem innleiðing samsvarandi ákvæða felur í sér verulega fjárfestingu er nauðsynlegt að heimila fimm ára umbreytingartímabil til að gefa aðildarríkjunum þann tíma sem nauðsynlegur er til að undirbúa sig. Á meðan á umbreytingartímabilinu stendur skulu hefðbundin eyrnamerki vera áfram eina opinbera auðkenningin fyrir nautgripi.
- 16) Það gæti haft skaðleg áhrif á tiltekna stjórnendur að gera rafræna auðkenningu skyldubundna í öllu Sambandinu. Því er rétt, þegar rafræn auðkenning verður opinber aðferð til auðkenningar, að notkun hennar sé umsjónarmönnum valfrjáls. Með slíku valfrjálsu fyrirkomulagi myndu þeir umsjónarmenn, sem líklegir eru til að hafa efnahagslegan ávinning af því, kjósa rafræna auðkenningu en aðrir umsjónarmenn ættu að hafa möguleika á að auðkenna dýrin sín áfram með tveimur hefðbundnum eyrnamerkjum.
- 17) Ræktunarkerfi, starfsvenjur í landbúnaði og samtök atvinnugreina geta verið afar ólík eftir aðildarríkjum. Því ætti aðildarríkjum að vera heimilt að gera rafræna auðkenningu skyldubundna á sínu yfirráðasvæði, eingöngu ef þau telja það viðeigandi að teknu tilliti til allra þessara þátta, þ.m.t. áhrifa á smábændur, og að höfðu samráði við samtök sem eru fulltrúar nautgripaiðnaðarins. Í tilflutningi á dýrum til viðskipta innan Sambandsins ætti skyldan til rafrænnar auðkenningar nautgripa að hvíla á því aðildarríki sem gerði notkun rafrænnar auðkenningar skyldubundna á sínu yfirráðasvæði. Það ætti ekki að þýða að viðkomandi aðildarríki sé skylt að endurauðkenna dýr sem þegar hafa verið auðkennd með rafrænum hætti í sendingaraðildarríkinu.
- 18) Dýr og kjöt sem flutt eru inn í Sambandið frá þriðju löndum ættu að falla undir kröfur um auðkenningu og rekjanleika sem veita sambærilega vernd.
- 19) Þegar lifandi dýr eru flutt inn í Sambandið frá þriðju löndum ættu þau við komu að falla undir sömu kröfur um auðkenningu og gilda um dýr sem eru fædd í Sambandinu.
- 20) Opinberu auðkenningarnar tvær, sem dýri er úthlutað, ættu að bera sama auðkenniskóðann. Á meðan á fyrsta áfanga aðlögunar að notkun rafrænna kennimerkja sem opinberrar auðkenningar stendur er þó í ákveðnum tilvikum ekki hægt að útiloka að tæknilegar takmarkanir, sem tengjast samsetningu upprunalegs auðkenniskóða dýrs, gætu komið í veg fyrir afritun kóðans á rafrænt kennimerki. Þetta getur gerst í tilvikum þar sem rittákn, sem mynda fyrirliggjandi auðkenniskóða dýra, koma í veg fyrir hægt sé að breyta kóðanum yfir á rafrænt form. Því ætti að kveða á um sérstakar bráðabirgðaundanþágur til að einnig sé unnt að nota rafræn kennimerki á þessi dýr, að því tilskildu að fullur rekjanleiki sé tryggður og að bera megi kennsl á hvert dýr fyrir sig, þ.m.t. búið sem þau voru fædd á.
- 21) Í reglugerð (EB) nr. 1760/2000 er kveðið á um að lögbært yfirvald skuli gefa út vegabréf fyrir hvert dýr sem þarf að auðkenna í samræmi við þá reglugerð. Þetta veldur talsverðu stjórnsýsluálagi á aðildarríkin. Lögbærum yfirvöldum aðildarríkja er skylt að setja upp tölvuvæddan gagnagrunn í samræmi við 14. og 18. gr. tilskipunar ráðsins 64/432/EBE ⁽⁵⁾. Þar sem þessir gagnagrunnar hafa þurft að vera að fullu starfhæfir frá 31. desember 1999 ættu þeir tryggja rekjanleika á tilflutningi á nautgripum innanlands með fullnægjandi hætti. Því ætti eingöngu að gefa út vegabréf fyrir dýr sem eru ætluð til viðskipta innan Sambandsins. Með þessari reglugerð ætti þó ekki að útiloka landsákvæði varðandi útgáfu vegabréfa fyrir dýr sem ekki eru ætluð til viðskipta innan Sambandsins.
- 22) Framkvæmdastjórnin kom á fót BOVEX, sem er tilraunaverkefni fyrir skipti á vegabréfum fyrir nautgripi á milli aðildarríkja, til að greiða fyrir gagnaskiptum milli aðildarríkja og á sama tíma til að tryggja rekjanleika dýranna í tilflutningi innan Sambandsins. Um leið og gagnaskipti á milli

⁽⁵⁾ Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svin (Stjtið. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64)

landsbundinna tölvuvæddra gagnagrunna virka að fullu ætti krafan um útgáfu dýravegabréfa á pappír ekki lengur að gilda um dýr sem eru ætluð til tilflutninga innan Sambandsins. Þetta ætti að draga úr stjórnsýsluálagi á aðildarríki og rekstraraðila.

- 23) Í II. þætti II. bóls reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 er mælt fyrir um reglur varðandi valfrjálst merkingarkerfi fyrir nautakjöt, sem kveða á um samþykki fyrir tilteknum forskriftum fyrir merkingar frá lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis. Stjórnsýsluálag og kostnaður sem skapast fyrir aðildarríki og rekstraraðila með beitingu þessa kerfis eru ekki í réttu hlutfalli við kosti kerfisins. Þar sem ný löggjöf hefur öðlast gildi frá samþykkt þeirrar reglugerðar er sértækum reglum um valfrjáls merkingarkerfi því ofaukið og því ætti að fella þær brott. Þetta ætti þó ekki að takmarka rétt stjórnenda til að upplýsa neytendur með valfrjálsnum merkingum um eiginleika kjötsins og rétt neytenda til að fá sannprófanlegar upplýsingar. Af þessum sökum, eins og við á um aðrar tegundir kjöts, ættu matvælaupplýsingar um nautakjöt, sem ganga lengra en skyldubundin merking, að vera í samræmi við gildandi lárétta löggjöf, þ.m.t. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1169/2011 ⁽⁶⁾.
- 24) Viðeigandi eftirlit og viðurlög ættu hafa nægilega letjandi áhrif til að koma í veg fyrir svik í merkingu á kjöti og til að vernda evrópska neytendur.
- 25) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 lagði framkvæmdastjórnin fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um lögboðna tilgreiningu upprunals eða upprunastaðar fyrir kjötið sem er notað sem innihaldsefni. Þeirri skýrslu átti að fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á, til að tryggja meiri gagnsæi í kjötfærlinu og til að upplýsa evrópska neytendur betur. Með tilliti til nýjustu vandamála í tengslum við merkingar kjötafurða, sem hafa haft áhrif á virkni matvælaferlisins, gerði Evrópuþingið og ráðið ráð fyrir að skýrslan yrði samþykkt svo fljótt sem við væri komið á síðari árhelmingi 2013 og var hún loks samþykkt 17. desember 2013.
- 26) Vegna gildistöku Lissabonsáttmálans er nauðsynlegt að samræma valdheimildirnar, sem eru veittar framkvæmdastjórninni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1760/2000, við 290. og 291. gr. áttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE).
- 27) Til að tryggja að nauðsynlegum reglum sé beitt varðandi eðlilega virkni auðkenningar, skráningar og rekjanleika nautgripa og nautakjöts, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290 gr. áttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar kröfur um annars konar auðkenningu fyrir nautgripi, þær sérstöku kringumstæður þar sem aðildarríki hafa heimild til að lengja hámarkstímabilið fyrir notkun auðkenningarinnar, gagnaskipti á milli tölvuvæddu gagnagrunnanna í aðildarríkjunum, hámarkstímabilið fyrir tiltekna kvöð um skýrslugjöf, kröfurnar fyrir auðkenninguna, viðbót auðkenningar á skrána sem sett er fram í I. viðauka, reglurnar varðandi upplýsingarnar úr tölvuvædda gagnagrunninum sem eiga að vera í dýravegabréfunum og í sérstöku skránum sem á að halda á hverju búi, auðkenningu og skráningu á tilflutningum á nautgripum þegar þeir eru settir á árstíðabundna beit, þ.m.t. farbeitarbúskapur, reglur fyrir merkingu tiltekinna afurða sem ættu að vera jafngildar reglunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1760/2000, ákvæðin um merkingar sem varða einfaldaða framsetningu á vísun á uppruna í tilvikum þar sem dýr hefur mjög stutta viðveru í aðildarríkinu eða þriðja landi þar sem dýrið er fætt eða því slátrað, ásamt skilgreiningunum og kröfunum sem gilda um heiti eða flokka heita sem gæti þurft að setja á merkimiða fyrir forpakkað nýtt eða fryst nautakjöt eða kálfakjöt. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu slíkra framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

- 28) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar skráningu bóa sem nota annars konar auðkenningu, tæknilega eiginleika og ítarlegt fyrirkomulag fyrir gagnaskipti á milli tölvuvæddra gagnagrunna í aðildarríkjunum, viðurkenningu á að gagnaskiptakerfin virki að fullu, snið og hönnun auðkenningarinnar, tækniáðgerðir og staðla fyrir framkvæmd rafrænnar auðkenningar, reglurnar um samsetningu auðkenniskóðans, hámarksstærð og samsetningu tiltekinnna hópa dýra, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽⁷⁾.
- 29) Fylgjast ætti með framkvæmd þessarar reglugerðar. Af þessum sökum ætti framkvæmdastjórnin, eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar að því er varðar ákvæði varðandi valfrjálsa merkingu nautakjöts, og níu árum að því er varðar ákvæði varðandi rafræna auðkenningu, að leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tvær skýrslur, sem fjalla bæði um framkvæmd þessarar reglugerðar og um það hvort hagkvæmt sé og tæknilega framkvæmanlegt að koma á skyldubundinni rafrænni auðkenningu allsstaðar í Sambandinu. Viðeigandi lagatillögur ættu að fylgja skýrslunni ef nauðsyn krefur.
- 30) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1760/2000 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1760/2000 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 1. gr. falli annar málslíður 2. mgr. brott.
- 2) Í stað fyrsta undirliðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„— „dýr“: nautgripir í skilningi b- og c-liðar 2. mgr. 2. gr. í tilskipun 64/432/EBE, þ.m.t. dýr sem taka þátt í menningar- og íþróttaviðburðum“.
- 3) Í stað a-liðar fyrstu málsgreinar 3. gr. komi eftirfarandi:

„a) auðkenningu til að auðkenna hvert dýr sérstaklega“,
- 4) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.“

Skylda til að auðkenna dýr

1. Öll dýr á búi skulu auðkennd með a.m.k. tvenns konar auðkenningum sem eru skráðar í I. viðauka og í samræmi við reglur sem voru samþykktar skv. 3. mgr. og samþykktar af lögbæru yfirvaldi. Að minnsta kosti önnur auðkenningin skal vera sýnileg og bera sýnilegan auðkenniskóða.

Fyrsta undirgrein skal ekki gilda um dýr sem fæddust fyrir 1. janúar 1998 og eru ekki ætluð til viðskipta innan Sambandsins. Þau dýr skulu auðkennd með a.m.k. einni auðkenningu.

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

Til að tryggja aðlögun að tækniframförum skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b varðandi viðbót auðkenningar í skrána sem sett er fram í I. viðauka, á meðan samhæfi þeirra er tryggt.

Búum skal úthlutað auðkenningum og þeim dreift og þær notaðar á dýrin með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

Báðar auðkenningarnar sem eru leyfðar í samræmi við framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar voru skv. 3. mgr. og þessari málsgrein, og eru notaðar á eitt dýr, skulu bera sama sérstaka auðkenniskóðann sem gerir kleift, ásamt skráningu dýranna, að auðkenna hvert dýr fyrir sig ásamt búinu sem það var fætt á.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt, í þeim tilvikum þar sem rittáknin sem mynda auðkenniskóða dýrsins leyfa ekki notkun rafræns kennimerkis með sama sérstaka auðkenniskóðanum, að leyfa að önnur auðkenning beri annars konar kóða, undir eftirliti lögbærs yfirvalds, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) dýrið fæddist fyrir gildistökudag framkvæmdargerðanna sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar 3. mgr.,
- b) fullur rekjanleiki er tryggður,
- c) unnt er að auðkenna hvert dýr um sig, þ.m.t. búíð sem það var fætt á,
- d) dýrið er ekki ætlað til viðskipta innan Sambandsins.

3. Til að tryggja fullnægjandi rekjanleika, aðlögunarhæfni að tækniframförum og bestu virkni auðkenningarkerfisins skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b varðandi kröfurnar vegna auðkenningarinnar, sem settar eru fram í I. viðauka, og nauðsynlegar umbreytingarráðstafanir í tengslum við innleiðingu tiltekinnar auðkenningar.

Á grundvelli viðkomandi ISO-staðla eða annarra alþjóðlegra tæknilegra staðla sem eru samþykktir af viðurkenndum alþjóðlegum staðlasetningarstofnunum, að því gefnu að þessir alþjóðlegu staðlar geti tryggt að minnsta kosti betri frammistöðu og áreiðanleika en ISO-staðlar, skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, mæla fyrir um nauðsynlegar reglur varðandi:

- a) snið og hönnun auðkenningarinnar,
- b) tækniáðgerðir fyrir rafræna auðkenningu nautgripa og
- c) samsetningu auðkenniskóðans.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

4. Frá og með 18. júlí 2019 skulu aðildarríki tryggja að nauðsynlegir innviðir séu til staðar svo unnt sé að auðkenna dýr með aðstoð rafræns kennimerkis sem er notað sem opinber auðkenning í samræmi við þessa reglugerð.

Frá og með 18. júlí 2019 er aðildarríkjum heimilt að innleiða landsákvæði sem gera notkun rafræns kennimerkis skyldubundna sem önnur tveggja auðkenninga sem kveðið er á um í 1. mgr.

Aðildarríki sem nýta sér valkostinn samkvæmt annari undirgrein skulu leggja slík landsákvæði fyrir framkvæmdastjórnina og gera þessar upplýsingar aðgengilegar á Netinu. Framkvæmdastjórnin skal aðstoða aðildarríkin við að gera þessar upplýsingar aðgengilegar almenningi með því að birta á vefsetri sínu tengla á viðkomandi vefsetur aðildarríkjanna.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að auðkenna nautgripi, sem ætlaðir eru til menningar- og íþróttaviðburða, annarra en kaupstefna og sýninga, með annars konar auðkenningu sem veitir jafngilda auðkenningarstaðla og þeir sem kveðið er á um í 1. mgr.

Bú sem nota annars konar auðkenningu, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu skráð í tölvuvædda gagnagrunninn sem kveðið er á um í 5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal með framkvæmdargerðum mæla fyrir um nauðsynlegar reglur varðandi slíka skráningu. Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

Til að tryggja rekjanleika á grundvelli auðkenningarstaðla sem eru jafngildir þeim sem kveðið er á um í 1. mgr. skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkinga framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b varðandi kröfurnar vegna annars konar auðkenningar, sem um getur í fyrstu undirgrein, þ.m.t. umbreytingarráðstafanir sem þarf til að innleiða þær.

Framkvæmdastjórninni er heimilt með framkvæmdargerðum að mæla fyrir um reglur varðandi snið og hönnun annars konar auðkenninga sem um getur í fyrstu undirgrein, þ.m.t. umbreytingarráðstafanir sem þarf til að innleiða þær. Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

6. Aðildarríkin skulu senda hvert öðru og framkvæmdastjórninni tilkynningu um fyrirmynd að auðkenningu sem er notuð á þeirra yfirráðasvæði. Þau skulu gera þessar upplýsingar aðgengilegar á Netinu. Framkvæmdastjórnin skal aðstoða aðildarríkin við að gera þessar upplýsingar aðgengilegar almenningi með því að birta á vefsetri sínu tengla á viðkomandi vefsetur aðildarríkjanna.“

5) Eftirfarandi greinar bætist við:

„4. gr. a

Tímabil til notkunar auðkenningar

1. Auðkenningin sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. skal notuð á dýrið áður en hámarkstímabil, sem aðildarríkið þar sem dýrið er fætt ákveður, er liðið. Hámarkstímabilið skal reiknað út frá fæðingardegi dýrsins og skal ekki vara lengur en 20 daga.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er heimilt, af ástæðum sem varða lífeðlisfræðilegan þroska dýranna, að lengja þetta tímabil fyrir aðra auðkenningu um allt að 60 daga eftir fæðingu dýrsins.

Ekkert dýr má yfirgefa búíð sem það er fætt á áður en auðkenningarnar tvær hafa verið notaðar á dýrið.

2. Til að unnt sé að nota auðkenninguna við sérstakar kringumstæður sem fela í sér erfiðleika við framkvæmd skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b til að ákveða við hvaða kringumstæður aðildarríkjunum er heimilt að lengja hámarkstímabilið fyrir notkun auðkenningarinnar, eins og kveðið er á um í fyrstu og annarri undirgrein 1. mgr. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni í hvert sinn sem þau nýta sér þennan valkost.

4. gr. b

Auðkenning dýra frá þriðju löndum

1. Öll dýr sem þurfa að gangast undir heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum, samkvæmt tilskipun 91/496/EBE, og koma inni í Sambandið frá þriðja landi og eru ætluð fyrir viðtökubú innan yfirráðasvæðis Sambandsins, skal auðkenna á viðtökubúinu með auðkenningunni sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr.

Upprunalega auðkenningin sem notuð var á dýrið í þriðja landi sem er upprunaland skal skráð í tölvuvæddan gagnagrunn búsinis, sem kveðið er á um í 5. gr., ásamt sérstökum auðkenniskóða auðkenningarinnar sem dýrinu var úthlutað í viðtökuaðildarríkinu.

Fyrsta undirgrein skal ekki gilda um dýr sem er ætlað að fara beint í sláturhús sem er staðsett í aðildarríki, að því tilskildu að dýrunum sé slátrað innan 20 daga eftir að heilbrigðiseftirlitið með dýrum og dýraafurðum samkvæmt tilskipun 91/496/EBE hefur farið fram.

2. Auðkenningin á dýrunum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr., skal notuð innan hámarkstímabils, sem ákveðið er af aðildarríkinu þar sem viðtökubúið er staðsett. Þetta tímabil skal ekki vera lengra en 20 dagar eftir að heilbrigðiseftirlitið með dýrum og dýraafurðum, sem um getur í 1. mgr., hefur farið fram.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er heimilt, af ástæðum sem varða lífeðlisfræðilegan þroska dýranna, að lengja þetta tímabil fyrir aðra auðkenningu um allt að 60 daga eftir fæðingu dýrsins.

Í öllum tilvikum skal nota báðar auðkenningar, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 4. gr., á dýrin áður en þau yfirgefa viðtökubúið.

3. Ef viðtökubúið er staðsett í aðildarríki sem hefur innleitt landsákvæði samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. 4. gr. til að gera notkun rafræns kennimerkis skyldubundna skulu dýrin auðkennd með rafræna kennimerkinu á viðtökubúinu í Sambandinu innan tímabils sem viðtökuaðildarríkið ákveður. Þetta tímabil skal ekki vera lengra en 20 dagar eftir að heilbrigðiseftirlitið með dýrum og dýraafurðum, sem um getur í 1. mgr., hefur farið fram.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er heimilt, af ástæðum sem varða lífeðlisfræðilegan þroska dýranna, að lengja þetta tímabil fyrir aðra auðkenningu um allt að 60 daga eftir fæðingu dýrsins.

Í öllum tilvikum skal nota rafræna kennimerkið á dýrin áður en þau yfirgefa viðtökubúið.

4. gr. c

Auðkenning dýra sem eru flutt frá einu aðildarríki til annars

1. Dýr sem eru flutt frá einu aðildarríki til annars skulu halda upprunalegu auðkenningunum sem notuð hafa verið á þau skv. 1. mgr. 4. gr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein má þó lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis, frá og með 18. júlí 2019, heimila:

- a) skipti á einni auðkenningu fyrir rafrænt kennimerki án þess að breyta upprunalega sérstaka auðkenniskóða dýrsins,
- b) skipti á báðum auðkenningum fyrir tvær nýjar auðkenningar sem bera báðar sama nýja sérstaka auðkenniskóðann. Þessari undanþágu er heimilt að beita í allt að fimm ár eftir 18. júlí 2019, í þeim tilvikum þar sem rittáknin, sem mynda auðkenniskóða hefðbundins eyrnamerkis dýrs, leyfa ekki notkun rafræns kennimerkis með sama sérstaka auðkenniskóðanum og að því tilskildu að dýrið hafi fæðst fyrir gildistökudag framkvæmdargerðanna sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 4. gr.

2. Ef viðtökubúið er staðsett í aðildarríki sem hefur innleitt landsákvæði til að gera notkun rafræns kennimerkis skyldubundna skulu dýrin auðkennd með rafræna kennimerkinu eigi síðar en á viðtökubúinu í Sambandinu innan hámarkstímabils sem aðildarríkið, þar sem viðtökubúið er staðsett, ákveður. Þetta hámarkstímabil skal ekki vera lengra en 20 dagar frá komudegi dýranna til viðtökubúsins.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er heimilt, af ástæðum sem varða lífeðlisfræðilegan þroska dýranna, að lengja þetta tímabil fyrir aðra auðkenningu um allt að 60 daga eftir fæðingu dýrsins.

Í öllum tilvikum skal nota rafræna kennimerkið á dýrin áður en þau yfirgefa viðtökubúið.

Fyrsta undirgrein skal þó ekki gilda um dýr sem er ætlað að fara beint í sláturhús sem er staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem hefur innleitt landsákvæði til að gera notkun rafræns kennimerkis skyldubundna.

4. gr. d

Fjarlæging, breyting eða skipti á auðkenningu

Óheimilt er að fjarlægja, breyta eða skipta um auðkenningu án leyfis lögbæra yfirvaldsins. Slíkt leyfi má eingöngu veita ef fjarlægingin, breytingin eða skiptin skaða ekki rekjanleika dýrsins og ef hægt er að auðkenna hvert dýr fyrir sig, þ.m.t. búið sem það var fætt á.

Í hvert sinn sem skipt er um auðkenniskóða skal skrá það í tölvuvædda gagnagrunninn, sem kveðið er á um í 5. gr., ásamt sérstökum auðkenniskóða upprunalegrar auðkenningar dýrsins.“

- 6) Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Lögbært yfirvald aðildarríkjanna skal koma á tölvuvæddum gagnagrunni í samræmi við 14. og 18. gr. tilskipunar 64/432/EBE.

Aðildarríki geta skipst á rafrænum gögnum á milli rafrænna gagnagrunna sinna frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin viðurkennir að gagnaskiptakerfið virki að fullu. Skiptin skulu fara þannig fram að gagnavernd sé tryggð og að komið sé í veg fyrir hvers konar misnotkun til að vernda hagsmuni umsjónarmannsins.

Til að tryggja rafræn upplýsingaskipti milli aðildarríkja skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b til að mæla fyrir um reglur varðandi gagnaskipti á milli tölvuvæddra gagnagrunna aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórnin skal með framkvæmdargerðum mæla fyrir um tæknileg skilyrði og fyrirkomulag slíkra skipta og staðfesta að gagnaskiptakerfið virki að fullu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.“

7) Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

1. Ef aðildarríki skiptist ekki á rafrænum gögnum við önnur aðildarríki innan ramma rafræna gagnaskiptakerfisins sem um getur í 5. gr. gildir eftirfarandi:

- a) lögbært yfirvald aðildarríkisins skal, fyrir hvert dýr sem er ætlað til viðskipta innan Sambandsins, gefa út vegabréf sem byggist á upplýsingunum úr tölvuvædda gagnagrunninum sem settur var upp í því aðildarríki,
- b) hverju dýri, sem vegabréf hefur verið gefið út fyrir, skal fylgja slíkt vegabréf þegar það er flutt frá einu aðildarríki til annars,
- c) við komu dýrsins á viðtökubúið skal vegabréfið, sem fylgir dýrinu, afhent lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem viðtökubúið er staðsett.

2. Til að unnt sé að rekja tilflutning á dýrum til baka til upprunabúsins sem staðsett er í aðildarríki skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b til að mæla fyrir um reglur varðandi upplýsingarnar úr tölvuvædda gagnagrunninum sem eiga að vera í dýravegabréfinu, þ.m.t. umbreytingarráðstafanirnar sem þarf til að innleiða þær.“

8) Eftirfarandi grein bætist við:

„6. gr. a

Þessi reglugerð skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki setji landsákvæði varðandi útgáfu vegabréfa fyrir dýr sem ekki eru ætluð til viðskipta innan Sambandsins.“

9) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað annars undirliðar komi eftirfarandi:

„— tilkynna lögbæru yfirvaldi innan hámarkstímabils, sem hlutaðeigandi aðildarríki ákveður, um alla flutninga til og frá búinu og allar fæðingar og dauða dýra á búinu ásamt dagsetningum þessara atburða; hámarkstímabilið skal vera a.m.k. þrjú dagar en ekki vera lengra en sjö dagar frá því að einhver þessara atburða á sér stað; aðildarríkin geta beðið framkvæmdastjórnina um að framlengja sjö daga hámarkstímabilið.“

ii. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„Til að taka tillit til erfiðleika við framkvæmd í undantekningartilvikum skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b til að ákveða þau undantekningartilvik þar sem aðildarríkjum er heimilt að framlengja sjö daga hámarkstímabilið, sem kveðið er á um í öðrum undirlið fyrstu undirgreinar, og hámarkslengd þessarar framlengingar sem skal ekki vera lengri en 14 dagar að loknu sjö daga tímabilinu sem um getur í öðrum undirlið fyrstu undirgreinar.“

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Til að tryggja fullnægjandi og árangursríkan rekjanleika nautgripa þegar þeir eru settir í árstíðabundna beit skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b varðandi aðildarríki eða hluta aðildarríkis þar sem sérreglur skulu gilda varðandi árstíðabundna beit, þ.m.t. tímabilið, sérstakar skyldur umsjónarmannanna, og reglur um skráningu bóa og skráningu flutninga slíkra nautgripa, þ.m.t. umbreytingarráðstafanir sem þarf til að innleiða þær.“

c) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„5. Þrátt fyrir 4. mgr. skal það að halda skrá vera valkvætt fyrir hvern þann umsjónarmann sem:

- a) hefur aðgang að tölvuvædda gagnagrunninum sem kveðið er á um í 5. gr. og inniheldur þegar upplýsingarnar sem skulu vera í skránni og
- b) færir eða hefur fært uppfærðar upplýsingar beint inn í tölvuvædda gagnagrunninn sem kveðið er á um í 5. gr.

6. Til að tryggja nákvæmni og áreiðanleika upplýsinganna sem skulu vera í skrá búans, sem kveðið er á um í þessari grein, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b til að mæla fyrir um nauðsynlegar reglur varðandi þessar upplýsingar, þ.m.t. umbreytingarráðstafanir sem þarf til að innleiða þær.“

10) Ákvæði 8. gr. falli brott.

11) Eftirfarandi grein bætist við:

„9. gr. a

Þjálfun

Aðildarríkin skulu sjá til þess að aðili sem ber ábyrgð á auðkenningu og skráningu dýra hafi fengið fyrirmæli og leiðbeiningar um viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar og um allar framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt þessari reglugerð.

Þegar viðkomandi ákvæðum er breytt skal gera samsvarandi upplýsingar aðgengilegar aðilanum sem um getur í fyrstu undirgrein.

Aðildarríki skulu sjá til þess að viðeigandi námskeið séu í boði.

Framkvæmdastjórnin skal greiða fyrir því að skipst sé á bestu starfsvenjum til að auka gæði upplýsinganna og þjálfunar í öllu Sambandinu.“

12) Ákvæði 10. gr. falli brott.

13) Í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

Í þessum bálki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „nautakjöt“: allar vörur sem falla undir SN-númer 0201, 0202, 02061095 og 02062991,
- 2) „merking“: áfesting merkimiða á eitt kjötstykki eða fleiri eða á umbúðafni þeirra eða, ef um er að ræða vörur sem eru ekki forpakkaðar, að viðeigandi upplýsingar séu skriflegar og sýnilegar fyrir neytandann við sölu,
- 3) „fyrirtæki“: hópur stjórnenda frá sama hluta eða mismunandi sviðum nautakjötsiðnaðarins,
- 4) „hakkað kjöt“: allt úrbeinað kjöt sem hefur verið hakkað í slitrus og inniheldur minna en 1% salt og fellur undir SN-númer 0201, 0202, 02061095 og 02062991,
- 5) „afskurður“: litlir bitar af kjöti, viðurkenndir sem hæfir til manneldis og eingöngu framleiddir við afskurð þegar skrokkar eru úrbeinaðir og/eða kjöt skorið,
- 6) „stykkið kjöt“: kjöt sem hefur verið skorið í litla teninga, sneiðar eða aðra staka skammta sem stjórnandi þarf ekki að stykkja frekar áður en lokaneytandi kaupir það og sem sá neytandi getur notað beint. Þessi skilgreining nær ekki yfir hakkað kjöt og afskurð.“

14) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæði 3. og 4. mgr. falli brott.
- b) Í stað inngangsorðanna í a-lið 5. mgr. komi eftirfarandi:

„a) Stjórnendur og fyrirtæki skulu einnig tilgreina á merkimiðunum:“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6. Til að koma í veg fyrir óþarfa endurtekningu á merkimiðanum fyrir nautakjötið á upplýsingum um aðildarríkin eða þriðju lönd þar sem eldið hefur farið fram, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b sem varða einfaldaða framsetningu í þeim tilvikum þar sem dýr hefur mjög stutta viðveru í aðildarríkinu eða þriðja landi þar sem dýrið er fætt eða því slátrað.

Framkvæmdastjórnin skal með framkvæmdargerðum samþykkja reglur varðandi hámarksstærð og samsetningu hóps þeirra dýra sem um getur í 1. mgr. og a-lið 2. mgr., að teknu tilliti til takmarkana að því er varðar einsleitni hópa þeirra dýra sem stykkjaða kjötið og afskurðurinn eru af. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.“

- 15) Í stað fjórðu málsgreinar 14. gr. komi eftirfarandi:

„Til að tryggja samræmi við þverlægar reglur varðandi merkingu í þessum þætti skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykka framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b til að mæla fyrir um reglur, á grundvelli fenginnar reynslu að því er varðar hakkað kjöt, sem eru jafngildar reglunum í fyrstu þremur málsgreinum þessarar greinar, fyrir nautakjötsafskurð eða stykkjað nautakjöt.“

- 16) Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

„15. gr.

Skyldubundið merkingarkerfi fyrir nautakjöt frá þriðju löndum

Þrátt fyrir 13. gr. skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar á nautakjöti sem flutt er inn á yfirráðasvæði Sambandsins, þar sem ekki eru fáanlegar allar upplýsingar sem kveðið er á um í 13. gr.:

„Uppruni: utan ESB“ og „slátrað í: (heiti þriðja lands)“.

- 17) Frá 13. desember 2014:

- a) í stað fyrirsagnar II. þáttar í II. bálki komi orðin „Valfrjáls merking“,
- b) ákvæði 16., 17. og 18. gr. falli brott og
- c) eftirfarandi grein bætist við í II. þætti II. bóls:

„15. gr. a

Almennar reglur

Upplýsingar um matvæli aðrar en þær sem tilgreindar eru í 13., 14. og 15. gr., sem stjórnendum eða fyrirtækjum sem markaðssetja nautakjöt er fjálst að bæta við á merkimiðana skulu vera hlutlægar og að lögbær yfirvöld geti sannreynt þær og þær séu skiljanlegar fyrir neytendur.

Þessar upplýsingar skulu fylgja láréttu löggjöfnum um merkingu og einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ⁽⁸⁾.

Ef stjórnendur eða fyrirtæki sem markaðssetja nautakjöt virða ekki skyldurnar sem um getur í fyrstu og annari málsgrein skal beita viðeigandi viðurlögum, eins og mælt er fyrir um í 22. gr.

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykka framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b varðandi skilgreiningar og kröfur sem gilda um heiti eða flokka heita sem gæti þurft að setja á merkimiða fyrir forpakkað nýtt eða fryst nautakjöt eða kálfakjöt.“

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011., bls. 18).

18) Ákvæði 19., 20. og 21. gr. falli brott.

19) Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:

„22. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

Eftirlitið, sem kveðið er á um, skal ekki hafa áhrif á annað eftirlit sem framkvæmdastjórnin getur framkvæmt skv. 9. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 2988/95.

Öll viðurlög sem aðildarríkið beitir umsjónarmann, stjórnanda eða fyrirtæki sem markaðssetja nautakjöt skulu vera skilvirk, letjandi og í réttu hlutfalli við brotið.

Lögbært yfirvald skal framkvæma ár hvert lágmarksfjölda opinberra eftirlita í tengslum við auðkenningu og skráningu dýra, sem skal ná yfir a.m.k. 3% búa.

Lögbært yfirvald skal tafarlaust auka lágmarksfjölda opinberu eftirlitanna sem um getur í annarri undirgrein ef staðfest er að ekki hafi verið farið að ákvæðum um auðkenningu og skráningu dýra.

Val á búum sem lögbært yfirvald á að skoða skal byggt á áhættugreiningu.

Hvert aðildarríki skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina ársskýrslu, eigi síðar en 31. ágúst, um framkvæmd opinbers eftirlits á undangengnu ári.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal lögbæra yfirvaldið beita umsjónarmann eftirfarandi stjórnsýsluviðurlögum:

- a) ef eitt eða fleiri dýr á búi uppfylla ekkert þeirra ákvæða sem mælt er fyrir um í I. bálki, takmörkun á tilflutningi á öllum dýrum til eða frá búi umsjónarmanns sem um ræðir,
- b) ef um er að ræða dýr sem uppfylla ekki að öllu leyti kröfur um auðkenningu og skráningu sem mælt er fyrir um í I. bálki, tafarlaus takmörkun á tilflutningi á þeim dýrum eingöngu, þar til kröfurnar hafa verið uppfylltar að fullu,
- c) ef fjöldi dýra á einu búi, þar sem kröfur um auðkenningu og skráningu, sem mælt er fyrir um í I. bálki, eru ekki uppfylltar að öllu leyti, fer yfir 20%, tafarlaus takmörkun á tilflutningi á öllum dýrum á því búi; að því er varðar bú með 10 dýr eða færri gildir þessi ráðstöfun ef fleiri en tvö dýr eru ekki að öllu leyti auðkennd í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. bálki,
- d) ef umsjónarmaður dýrs getur ekki sannreynt auðkenni dýrsins og rekjanleika þess skal, eftir því sem við á, á grundvelli mats á áhættu fyrir heilbrigði dýra og matvælaöryggi, eyða dýrinu án þess að bætur fáið greiddar,

- e) ef umsjónarmaður tilkynnir ekki lögbærum yfirvöldum um tilflutninga á dýri að og frá búi sínu, í samræmi við annan undirlið 1. mgr. 7. gr., skal lögbært yfirvald setja takmarkanir á tilflutning á dýrum að og frá því búi,
- f) ef umsjónarmaður tilkynnir ekki lögbærum yfirvöldum um fæðingu eða dauða dýrs, í samræmi við annan undirlið 1. mgr. 7. gr., skal lögbært yfirvald setja takmarkanir á tilflutning á dýrum að og frá því búi,
- g) í tilvikum þar sem um er að ræða viðvarandi vanrækslu af hálfu umsjónarmanns við að greiða gjaldið sem um getur í 9. gr. geta aðildarríkin sett takmarkanir á tilflutning á dýrum að og frá búi hans.

3. Ef stjórnendur og fyrirtæki sem markaðssetja nautakjöt hafa merkt nautakjöt án þess að uppfylla skyldur sínar sem mælt er fyrir um í II. bálki skulu aðildarríki, þrátt fyrir 1. mgr., eins og við á og í samræmi við meðalhöfregluna, krefjast þess að nautakjötið sé fjarlægð af markaði. Til viðbótar við viðurlögin sem um getur í 1. mgr. er aðildarríkjunum heimilt:

- a) ef kjötið sem um er að ræða er í samræmi við viðeigandi reglur sem varða heilbrigði dýra og dýraafurða og reglur um hollustuhætti, að heimila að slíkt nautakjöt
 - i. sé sett á markað eftir að hafa verið merkt á tilhlýðilegan hátt í samræmi við kröfur Sambandsins, eða
 - ii. sé sent beint til vinnslu í afurðir aðrar en þær sem tilgreindar eru í fyrsta undirlið 12. gr.,
- b) að fyrirskipa tímabundna niðurfellingu eða afturköllun á samþykki hlutaðeigandi stjórnenda og fyrirtækja.

4. Sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni skulu, ásamt lögbærum yfirvöldum:

- a) fullvissa sig um að aðildarríkin uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð,
- b) framkvæma vettvangseftirlit til að tryggja að eftirlit fari fram í samræmi við þessa reglugerð.

5. Fari vettvangseftirlit fram á yfirráðasvæði aðildarríkis skal aðildarríkið veita sérfræðingum frá framkvæmdastjórninni alla þá aðstoð sem þeim er nauðsynleg til að leysa af hendi verkefni sín. Ræða skal niðurstöður eftirlitsins við lögbæra yfirvaldið í viðkomandi aðildarríki áður en samin er lokaskýrsla og henni dreift. Skýrslan skal, ef við á, fela á sér tilmæli til aðildarríkjanna um að fara betur að ákvæðum þessarar reglugerðar.

20) Eftirfarandi greinar bætist við:

„22. gr. a

Lögbær yfirvöld

Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og allra gerða sem framkvæmdastjórnin samþykkir á grundvelli hennar.

Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það hvaða yfirvöld voru tilnefnd.

22. gr. b

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 4. gr. (1., 3. og 5. mgr.), 4. gr. a (2. mgr.), 5. gr., 6. gr. (2. mgr.), 7. gr. (1., 2. og 6. mgr.), 13. gr. (6. mgr.), 14. gr. (4. mgr.) og 15. gr. a í fimm ár frá 17. júlí 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 4. gr. (1., 3. og 5. mgr.), 4. gr. a (2. mgr.), 5. gr., 6. gr. (2. mgr.), 7. gr. (1., 2. og 6. mgr.), 13. gr. (6. mgr.), 14. gr. (4. mgr.) og 15. gr. a. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. gr. (1., 3. og 5. mgr.), 4. gr. a (2. mgr.), 5. gr., 6. gr. (2. mgr.), 7. gr. (1., 2. og 6. mgr.), 13. gr. (6. mgr.), 14. gr. (4. mgr.) og 15. gr. a, skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

21) Í stað 23. gr. komi eftirfarandi:

„23. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem komið var á fót skv. 58. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002⁽⁹⁾ að því er varðar framkvæmdargerðir sem samþykktar eru skv. 4. gr. (3. og 5. mgr.), 5. og 13. gr. (6. mgr.).

Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011⁽¹⁰⁾.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Þegar álit nefndarinnar skal fengið með skriflegri málsmeðferð skal þeirri málsmeðferð ljúka án árangurs ef formaður nefndarinnar ákveður það eða einfaldur meirihluti nefndarmanna fer fram á það innan frestsins sem gefinn er til að skila álitinu.“

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

22) Eftirfarandi grein bætist við:

„23. gr. a

Skýrsla og þróun löggjafar

Eigi síðar en:

— 18. júlí 2019 að því er varðar ákvæðin um valkvæða merkingu og

— 18. júlí 2023 að því er varðar ákvæðin um rafræna auðkenningu,

skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tilheyrandi skýrslur um framkvæmd og áhrif þessarar reglugerðar, þ.m.t. í fyrsta lagi, um mögulega endurskoðun á ákvæðum um valkvæða merkingu og í öðru lagi, um hvort hagkvæmt sé og tæknilega framkvæmanlegt að koma á skyldubundinni rafrænni auðkenningu allsstaðar í Sambandinu.

Viðeigandi lagatillögur skulu fylgja skýrslunni ef nauðsyn krefur.“

23) Eftirfarandi viðauki bætist við:

„I. VIÐAUKI

AUÐKENNING

A) HEFÐBUNDIÐ EYRNAMERKI

FRÁ OG MEÐ 18. JÚLÍ 2019 GILDIR EFTIRFARANDI:

B) RAFRÆNT KENNIMERKI Í FORMI RAFRÆNS EYRNAMERKIS

C) RAFRÆNT KENNIMERKI Í FORMI VAMBARSTAUTS

D) RAFRÆNT KENNIMERKI Í FORMI STUNGUÖRMERKIS“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

D. KOURKOULAS